

Reykjavík 7. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja leggja áherslu á að fjármagn sem varið er til málefna barna er fjárfesting til framtíðar hvað varðar velferð og heilbrigði samfélagsins alls, ekki síður en „að arðbær fjárfesting atvinnuvega skipti höfuðmáli fyrir hagvöxt til framtíðar” eins og fram kemur í frumvarpinu. Því skal ekki líta á fjármagn sem varið er til málefna barna sem útgjöld heldur fjárfestingu. Rannsóknir sýna að slík fjárfesting er jafnframt sparnaður þegar til lengri tíma er litið s.s. í heilbrigðisþjónustu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja hvetja þingmenn til að rýna frumvarp til fjárlaga og með þetta að leiðarljósi. Barnaheill vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að fjárlög auki ekki á ójöfnuð barna eða skerði þann rétt sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum. Mikilvægt er að tryggja að börnum sé ekki mismunað sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, s.s. sökum efnahagslegrar stöðu. Fjárlög þurfa að tryggja slíkt.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll born rétt á að lifa og þroskast, njóta gjaldfrjálsar menntunar, umönnunar og verndar og búa við bestu mögulegu lífsskilyrði og heilbrigði. Lenging fæðingarorlofs, hærri barnabætur, auk lítilla gjalda eða skatta á fæði, aðrar vörur og þjónustu fyrir börn er ein leið til að stuðla að því og tryggja að börnum sé ekki mismunað sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, s.s. efnahagsstöðu. Barnvæn fjárlagagerð er lykillinn að góðu samfélagi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri